Erindi frá Andrési Péturssyni áheyrnarfulltrúa Viðreisnar í hafnarstjórn.

Töluverðar umræður hafa verið að undanförnu um hvernig sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu losa sig við snjó af götum viðkomandi borga og bæja.

Reykjavík bannar losun beint í sjó en bæði Kópavogur og Hafnarfjörður hafa sturtað beint í sjóinn. Viðreisn í Kópavogi telur mikilvægt að samræma þessar reglur á höfuðborgarsvæðinu og hvetur bæjaryfirvöld í Kópavogi að taka upp viðræður við hin sveitarfélögin um samræmdar reglur. Í tengslum við þetta mál leggur undirritaður fulltrúi Viðreisnar í Hafnarstjórn fram eftirfarandi fyrirspurn.

1. Eru til reglur um losun á snjó í sjóinn á Kársneshöfn?
2. Hve margir vörubílsfarmar hafa verið losaðir í sjóinn við Kársnes á þessum vetri?
3. Er eftirlit með þessari losun? ef svo er, í hvers verkahring er það eftirlit og í hverju felst það?
4. Er það eingöngu snjór af Kópavogssvæðinu sem er losaður i sjóinn við Kópavogshöfn?
5. Telja forsvarsmenn Kópavogsbæjar það forsvaranlegt að sturta snjó í höfnina með tilheyrandi hættu af mengun sem getur af hlotist?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 07.11 2026